

Sem ólétt móðir og almennur samfélagsþegn fagna ég því að loksins eigi að lengja fæðingarorlofið. Hins vegar, betur má ef duga skal! Fjöldi rannsókna sýna að ef barn fer ekki í dagvistun fyrr en eftir 18 mánaða aldur hefur það verulega verndandi áhrif gegn astma, ofnæmi og geðsjúkdómum seinna á lífsleiðinni svo fátt eitt sé nefnt. Það er hreinlega þjóðhagslega hagkvæmt að hafa fæðingarorlofið 18 mánuði fyrir utan hvað það hefði jákvæð áhrif á andlega líðan foreldra ungra barna. Ég set einnig út á kvaðir um skiptingu milli móður og föður. Henni er ætlað að auka jafnrétti kynjanna en útfærsla hennar hefur þveröfug áhrif vegna ástæðna tilgreinda að neðan. Það er í raun aðeins gerlegt að hafa jafna skiptingu milli móður og föður ef fæðingarorlof er lengt í 18 mánuði. Hér eru nokkrar ástæður fyrir því:

1. Á meðan Landlæknir mælir með að börn séu alfarið á brjósti til 6 mánaða aldurs er það óraunhæft að mjólkandi móðir taki minna en 6 mánaðar fæðingarorlof. Barnið þarf að vera nálægt móður eða hún að hafa aðstöðu og ráðrúm til að mjólka sig á vinnustað (sem er ekki algengt, fyrir utan að það er erfiðara að viðhalda mjólkurmyndun með mjaltavél en sjúgandi barni). Auk þess er það alþekkt að streita minnkar og jafnvel stoppar mjólkurframleiðslu, svo streitan við að byrja aftur í vinnu með ungt barn heima getur hæglega bundið enda á brjóstgjöf. Það má einnig nefna að þótt börn fari að borða fasta fæðu við 6 mánaða aldur borða þau fyrst um sinn lítið og nærast að mestu enn á brjóstamjólk. Sá tími sem börn nærast alfarið eða að mestu mjólk er því mun lengur en 6-7 mánuðir og móðirin er sú eina sem getur gefið brjóst. Fæðingarorlof móður þarf því a.m.k. dekka brjóstgjafartímabilið.
2. Sjúkraþjálfari sagði við mig að góð þumalputtaregla væri að það tæki 9 mánuði að búa til barn og aðra 9 mánuði að jafna sig líkamlega á því. Konur eru því enn að jafna sig á því að ganga og fæða barn áður en fæðingarorlofi þeirra líkur. Það mæðir hreinlega meira á konum fyrsta ár barnsins vegna líkamlegra ástæðna (ganga með barn, hafa barn á brjósti, börn vakna á nóttunni til að drekka brjóst sem aðeins móðir hefur) en seinna meir jafnast hlutverkin sem betur fer meira út.
3. Það hefur varla farið fram hjá neinum að erfitt getur reynst að fá dagvistun að loknu fæðingarorlofi. Mæður mun oftast en feður brúa oft bilið með því að dreifa fæðingarorlofi á lengra tímabil eða að taka launalaust leyfi. Oft er því fleygt fram að ástæðan fyrir að mæður frekar en feður brúu bilið sé vegna þess að konur hafi almennt lægri laun og því sé það hagstæðara fyrir heimilið að konan fari tímabundið af vinnumarkaði. Þetta er hins vegar alls ekki algilt (ekki í mínu tilfalli, ég er með mun hærri tekjur en maki og langvarandi fjarvistir í mínu starfi afskaplega óheppilegar) og tel ég að ástæðan sé að miklu leyti frekar sú að fæðingarorlof móður sé hreinlega óraunhæflega stutt (eins og rökstutt er að ofan). Konur eru því þvingaðar til að fara dreifa orlofinu á fleiri mánuði (minnka prósentu í hverjum mánuði) og/eða taka launalaust leyfi að fæðingarorlofi loknu. Þetta þýðir auðvitað tekjuskerðingu fyrir konuna (sem getur varla talist auka jafnrétti) en auk þess hefur þetta margar aðrar slæmar afleiðingar eins og skerðingu á lífeyri, orlofsréttindum, veikindarétti, fæðingarorlofsrétti með næsta barn ef stutt á milli, rétti til atvinnuleysisbóta, rétti til örorku o.s.frv.. Það að fæðingarorlof móður er of stutt leiðir til örþrífaraða sem hafa verulega neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna.
4. Auk þess vil ég benda á að börn einstæðra foreldra (þau börn sem ekki eru getin með sæðisgjafa en hafa samt bara eitt virkt foreldri) verða fyrir verulegu misrétti vegna þessarar skiptingar milli móður og föður. Þau enda því á að fara mun fyrr í dagvistun en önnur börn með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á framtíð þeirra.

Tökum Svíþjóð til fyrirmyndar og höfum fæðingarorlof 18 mánuði! Hættum að þvinga konur í launalaust leyfi til að bæta upp fyrir of stutt orlof og aukum jafnrétti með því að gefa mæðrum tækifæri á a.m.k. 9 mánaða fæðingarorlofi. Gerum svo allt til að feður nýti sér sinn rétt að fullu.

Ásdís Helgadóttir, vélaverkfræðingur, lektor í Háskóla Íslands